

Vegna: Máls nr. 0165/2024, Stækkun Mjólkárkvirkjunar (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur umfang framkvæmdanna ekki þess eðlis að þær falli undir mat á umhverfisáhrifum þar sem umhverfið er nú þegar raskað vegna fyrri framkvæmda. Þá telur nefndin að það hefði mátt tilgreina umfang svæðis í fermetrum/hekturum með vísan í tölulið 2.03 skv. viðauka 1, í lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur áherslur á vandaðan frágang þar sem svæðið er á hverfisvernduðu svæði og er í grennd við friðlýst náttúruverndarsvæði.

Höfundur: Helga Þuríður Magnúsdóttir/helgathuridur@isafjordur.is

Sent inn þann: 11.03.2024 , **Fyrir hönd:** Ísafjarðarbær

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2024
UST202402-273/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Áform um stækkun á aflgetu Mjólkárvirkjunar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að hækka núverandi stíflu við Tangavatn um þrjá metra, auk þess segir að núverandi stífla við Tangavatn er með 60 m löngu steypu yfirfalli en lengd stíflu, með lausu efni, er um 100 m og eftir breytingu verður yfirfallið um 100 m langt og lengd stíflu um 230 m. Einnig verður lögð um 700 m löng niðurgrafin þrýstipípa frá Tangavatni, 220 metrar af nýjum veituskurðum og lagður 800 m vegur að fyrirhuguðu 60 m^2 stöðvarhúsi við Hólmavatn. Auk þess er skilgreint svæði fyrir afgreiðslu, framleiðslu og geymslu á eldsneyti og á svæðinu er gert ráð fyrir þremur allt að 400 m^2 byggingum í tengslum við virkjunina og starfsemi á svæðinu. Auk þess er fyrirhugað að byggja nýja bryggju við núverandi ferjubryggju í sunnanverðum Borgarfirði.

Umhverfisstofnun vill benda á að nú þegar er búið að fara nokkuð víða til vatnsöflunar fyrir Mjólkárvirkjun og telur Umhverfisstofnun jákvætt að nýta betur vatn á svæðum sem þegar eru nýtt í stað þess að sækja inn á ný svæði. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi á framfæri.

Valkostir

Í greinargerð kemur fram að leggja eigi pípurnar í jörðu. Umhverfisstofnun bendir á að vegna aðstæðna á svæðinu ætti að leggja áherslu á að skoða nánar að hafa lagnirnar á yfirborði þannig að um afturkræfar aðgerðir verði að ræða. Nú liggja aðrennslispípur á yfirborði að Mjólkárvirkjun og þótt hér sé um viss neikvæð sjónræn áhrif að ræða eru þau áhrif hverfandi miðað við rask sem fylgja mundi aðgerðum við að koma þessum lögnum í jörð. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þeir tveir valkostir, annars vegar að leggja pípurnar í jörðu og að hafa þær á yfirborði séu skoðaðir nánar.

Markmið verkefnisins

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að markmið verkefnisins snúi einnig að vernd landslags, vatns, lífríkis og fuglalífs. Auk þess að settir séu fram valkostir um að ná

markmiðum verkefnisins án þess að valda áhrifum á landslagi, víðernum, ásýnd, vatni, lífríki og fuglalífi.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að leiðréttu þarf umfjöllun um vatnshlotin Mjólká (vatnshlot 101-426-R) og Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) hvað varðar umhverfismarkmið vatnshlotanna og ástandsmat. Vatnshlotin tvö hafa ekki verið flokkuð sem mikið breytt og manngerð heldur eru þau á bráðabirgðalista yfir vatnshlot sem eru hugsanlega í þeim flokki. Í skýrslu¹ Hafrannsóknastofnunar, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er Mjólká og Langavatn/Hólmavatn talin líklega til að ná ekki a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og eru þar sett á bráðabirgðalista yfir hugsanlega mikið breytt vatnshlot. Tilnefningu þessara vatnshlota er hins vegar ekki lokið þar sem eftir er að klára greiningarferlið í samræmi við aðferðarfræði leiðbeiningarskjala vatnatiskipunar. Uns þeirri vinnu er lokið þá flokkast vatnshlotin sem náttúruleg vatnshlot. Hvorki Langavatn/Hólmavatn né Tangavatn (óskilgreint vatnshlot) hafa verið skilgreind sem uppistöðulón. Umhverfisstofnun vill benda á að jafnvel þó svo að Tangavatn sé ekki afmarkað sem vatnshlot þá gilda lög um stjórn vatnamála um allt yfirborðsvatn og gera þarf grein fyrir þeim breytingum sem verða í stöðuvatninu. Umhverfismarkmið vatnshlotanna Mjólká (vatnshlot 101-426-R) og Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) er að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og eru vatnshlotin óflokknuð m.t.t. ástands vegna þess álags sem skráð er á þau skv. vatnavefsjá stjórnar vatnamála.

Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í tengslum við framkvæmdina hafa áhrif á vatnsformfræðilega gæðaþætti vatnshlotanna, en vatnsformfræðilegt álag getur valdið breytingum á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum sem eru notaðir til grundvallar ástandsflokkunar vatnshlota.

Gera þarf mat á þeim áhrifum sem verða á vatnshlot tengd framkvæmdinni (sem og Tangavatn). Í slíku áhrifamati þarf að skoða eftifarandi:

- Skýra þarf tilganginn með áhrifamatinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þeirra (óflokkad/flokkað?) og fleira ef þarf.
- Fjalla þarf bæði um vatnshlot verða fyrir beinum sem og óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar.
- Fjalla um alla viðeigandi gæðaþætti í vatnshlotunum sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðaþætti.
- Fjalla þarf um áhrif á vatnsformfræðilega gæðaþætti og áhrif þeirra á líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðaþætti.
- Gera þarf áætlun um að staðfesta vistfræðilegt ástand áður en framkvæmdir hefjast. Matið þarf að byggja á þeim gæðaþáttum sem eru notaðir til ástandsflokkunar

¹ Eydís Slaome Eiríksdóttir ofl. (2023). [Vatnshlot á virkjanasvæðum. Bráðabirgðatilnefning á mikið breyttum vatnshlotum.](#)
Hafrannsóknastofnun, HV 2023-36. 30. bls.

- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hætta á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið nær ekki umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisaðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.
- Fjalla um hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Fjalla þarf um hvort framkvæmdin kalli á heimild Umhverfisstofnunar um breytingu á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Meta þarf hvaða gæðaþættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra t.d. áhrif á vatnsformfræðilega gæðaþætti. **Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðaþátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.**

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að vötnin á svæðinu njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á vötnunum. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

Námur

Í greinargerð segir að efni sé tekið úr lónstæði, allt að 11.000 m³ vegna stíflu, um 1.500 m³ í vegagerð og 1.200 m³ vegna pípu. Einnig fæst efni í veginn við skeringar vegna vegagerðar og úr skurði þrystipípu (1.500 m³). Efni fyrir pípu þarf hugsanlega að flytja lengra að, úr opnum nánum í nágrenninu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um hvað er átt við í umfjöllun um að efni sé tekið úr lónstæðinu, hver konar efni sé tekið, hve stórt efnistökusvæðið er og hver áhrif efnistökunar eru á vatnið í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Auk þess er æskilegt að það komi fram hvernig efni frá veituskurðum verði meðhöndlað.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. apríl 2024

Tilvísun: OS2024020062

Skjalanr: 417115

Efni: Mjólkárvirkjun stækkan matsskylda umsögn OS

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 14. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að áform Orkubús Vestfjarða ohf. um stækkan Mjólkárvirkjunar í Ísafjarðarbæ, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Orkustofnun kemur á framfæri eftirfarandi ábendingum um atriði sem stofnunin telur að mætti gera betur grein fyrir í framlögðum gögnum. Stofnunin tekur fram tilgreindar athugasemdir miða við atriði sem þurfa að liggja fyrir þegar sótt verður um virkjunarleyfi fyrir virkjuninni, ef af verður.

Fram kemur í greinargerð að uppsett afl Mjólkárvirkjunar í dag er 11,5 MW og jafnframt að í gildi er virkjunarleyfi fyrir Mjólkárvirkjun, dags. 1. nóvember 2010, leyfi OS-2010-L009-01, fyrir uppsettu aflí allt að 12,05 MW. Þegar það leyfi var gefið út voru uppi áform um stækkan virkjunarinnar með tilgreindum aðgerðum, þ.e. endurgerð þrýstipípu Mjólkár I, lenging veituskurðar Hofsárveitu, veituskurður úr „Vatni 349”, virkjun falls milli Prestagilsvatns og Borgarhvíltarvatn (Mjólká III), og virkjun hluta þess vatns sem fæðir Mjólká II og veita því í gegnum Mjólká I og Mjólká III (kynnt sem fyrirhuguð Mjólká IV), auk fleiri tengdra framkvæmda.

Í töflu 1 í greinargerð framkvæmdaraðila eru dregnar saman helstu breytingar sem verði á starfsemi Mjólkárvirkjunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þar er tilgreind aukin miðlunarrýmd Tangavatns úr 1,45 Gl í 2,6 Gl auk uppsetningu nýrrar 0,5 MW virkjunar sem nýti fallið milli Tangavatns og Hólmavatns.

Sú tilhögun sem hér er kynnt er því önnur en sú sem var tilgreind (sem Mjólká IV) í umsókn fyrir nágildandi virkjunarleyfi og fellur hin nýja framkvæmd því ekki innan gildissviðs þess. Jafnframt bendir stofnunin á að fyrirhuguð aukning á miðlunarrýmd Tangavatns er háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 68. gr. vatnalaga. Með vísan til framanritaðs mun Orkubú Vestfjarða því þurfa að sækja um nýtt virkjunarleyfi vegna viðbótarinnar. Orkustofnun bendir á að við stækkan virkjana gefur stofnunin út ný heildstæð og uppfærð virkjunarleyfi fyrir heildar framleiðsluna.

Orkustofnun vekur athygli á því að ekki er í framsettum gögnum tilgreint hvort aukið miðlunarrými hafi áhrif á framleiðslu Mjólkárvirkjunar umfram hina nýju virkjun, þ.e. hvort áætlað sé að framleiddar verði fleiri GWh á ári. Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlögð gögn. Stofnunin tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmd skuli háð umhverfismati.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkustofnunar

Kristján Geirsson
sviðsstjóri
Sjálfbær auðlindanýting
Rafræn undirskrif

**HE Heilbrigðiseftirlit
VF Vestfjarða**

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.is

Bolungarvík 8. mars 2024

Skipulagsstofun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

**Umsögn um stækken Mjólkárvirkjun breyting aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar
2008-2020 mál nr. 165/2024**

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu Mjólká – stækken virkjunar, afhending grænnar orku og ný bryggja.

EKKI eru gerðar athugasemdir við ofangreint mál.

Virðingarfyllst



Hlynur Reynisson
Heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0049
LA

Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna stækjun Mjólkárvirkjunar

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun gegnum skipulagsgátt, dags. 14. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn varðandi stækjun Mjólkárvirkjunar.

Framkvæmdin felur í sér að auka vatnsmiðlun úr Tangavatni með því að hækka núverandi stíflugarð um 3 m og virkja afrennsli vatnsins, $1,0 \text{ m}^3/\text{sek}$, með 0,5 MW virkjun við Hólmavatn.

Í dag er raforkuframleiðsla Mjólkárvirkjunar um 64-75 GWh/ári og uppsett afl 11,2 MW. Í gildandi aðalskipulagi er heimild fyrir allt að 12,05 MW virkjun. Fjögur stöðvarhús eru á virkjunarsvæðinu ásamt mannvirkjum sem tengjast virkjuninni s.s. stíflur, yfirföll, veituskurðir, lokuhús og raflínur. Vegna fyrri virkjunarframkvæmda og línulagna liggja víða vegslóðar um svæðið.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að frekar sé hugað að stækjun vatnsaflsvirkjana sem fyrir eru frekar en að skipuleggja nýjar virkjanir. Þannig má beina umhverfisáhrifum að svæðum sem þegar eru röskuð og hlífa frekar ósnortinni náttúru sem í tilfelli hálandis Vestfjarða eru einkum óbyggð víðerni, vatnafar straum- og stöðuvatna, hálandisvötn og lífríki þeirra, og landslagsheildir. Svæðið við Tangavatn er raskað að hluta frá 1974, s.s. vegslóði, skurður og stíflugarður, en ljóst er að með fyrirhuguðum framkvæmdum verða mannvirki umfangsmeiri og sýnilegri. Má þar nefna að stíflugarður lengist um rúman helming, fer úr 160 m í 330 m, hæsta staða vatnsborðs hækkar um 3 m og mesta flatarmál Tangavatns stækkar um $0,05 \text{ km}^2$. Þrír veituskurðir eru fyrir yfirfall neðan Tangavatnsstíflu og verða hver um sig um 220 m á lengd og 3-5 m breiðir. Þrýstipípa, allt að 700 m löng og 0,7 m í þvermál, verður niðurgrafen til að draga úr ásýndaráhrifum, en raskað yfirborð verður um 10 m á breidd meðfram pípulögnum. Nýtt 60 m² stöðvarhús mun rísa við Hólmavatn og nýr uppbyggður vegur, um 800 m langur og 4 m breiður, verður lagður að stöðvarhúsinu. Neðan stöðvarhúss verður 20-50 m langur skurður út í Hólmavatn. Ljósleiðari og rafstrengur verður lagður meðfram vegi frá Langavatni að fyrirhuguðu stöðvarhúsi og að stíflunni við Tangavatn. Efnistaka vegna framkvæmda, um 11.000 m^3 , er ráðgert að vinna að mestu úr lónstæðinu miðað við hæstu stöðu lónsins, en einnig úr skeringum og uppröfti við aðrar framkvæmdir.

Náttúrufræðistofnun bendir á að náttúfarsrannsóknir á virkjunarsvæðinu eru fáar. Almenn jarðfræði svæðisins er lítt þekkt og kortlagningu skortir á berggrunni og jarðgrunni. Lífríki stöðuvatna og straumvatna innan hálandisins þarf almennt að kanna betur. Við Glámu eru ein stærstu samfelldu víðerni Vestfjarða fyrir utan Drangajökulssvæðið. Þar sem fyrirhugaðar




framkvæmdir eru innan hálendis Vestfjarða er líklegt að þær munu valda skerðingu á þessu víðerni vegna sýnileika, en gögn skortir til að meta hversu mikil sú skerðingin er.

Náttúrufræðistofnun telur að í matsskyldufyrirspurninni hefði mátt vinna betur útlínur miðlunarlónsins við Tangavatn miðað við hæsta vatnsborð en ósamræmi er í uppdrætti er varðar núverandi vatnsborð Tangavatns og hæðarlínugrunn (sem getur verið ónákvæmur). Eins hefði mátt gera grein fyrir lagnaleið rafstrengs og ljósleiðar meðfram vegi frá Langavatni að fyrirhuguðu stöðvarhúsi og stíflugarði Tangavatns. Þá hefðu yfirlitsmyndir teknar af svæðinu við Tangavatn og Hólmavatn hjálpað til við að meta sýnileika.

Náttúrufræðistofnun telur ljóst að umtalsverð aukning verði á ásýndaráhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og er mikilvægt að þau séu metin betur. Önnur umhverfisáhrif eru minni og því ekki víst að þörf sé að framkvæma fullt umhverfismat.

Virðingarfyllst,



Lovís Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið





Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 14. mars 2024
Tilv. 2024-02-14-0216/2.4.1

Efni: Varðar fyrirhugaða stækkun Mjólkárvirkjunar

Með tölvupósti úr Skipulagsgátt þann 14. febrúar sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmda sem tengjast fyrirhugaðri stækkun á Mjólkárvirkjunar, nr. 0165/2024.

Afar lítið er fjallað um hugsanleg áhrif framkvæmdanna á fiskstofna í vötnum á Glámuhálendinu í meðfylgjandi greinagerð, en fram kemur: „*Búast má við að lífríki vatnanna sé fremur fábreytt og að silungur lifi við fremur takmarkað fæðuframboð og stuttan vaxtaríma.*“ Nokkuð er um að lax leiti upp í Mjólká þar sem hún rennur til sjávar í botni Borgarfjarðar. Erfðagreiningar hafa sýnt að eldisfiskar leita í ána en einnig villtir fiskar sem ætla má að tilheyri stofnum nærliggjandi veiðivötnum. Einig er þekkt að hnúðlaxar leita upp í ána, bleikja og urriði. Ekki er fjallað um það í greinagerðinni í kafla um náttúrufar (kafl 2.2, bls. 5-6) en tilefni væri til þess að gera það. Orkubú Vestfjarða hefur friðað Mjólká fyrir veiði með nýtingaráætlun sem Fiskistofa hefur staðfest.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Fiskistofa bendir jafnframt á að vegna kynntra áforma þarf að taka mið af ákvæðum í lögum um stjórн vatnamála, nr. 36/2011.

Fiskistofa telur að gera þurfi betur grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmda á lífríki í vatni, en það er nauðsynlegt til þess að Fiskistofa geti metið hvort leyfi verði veitt fyrir framkvæmdunum. En miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, m.t.t. veiðihagsmuna sem Fiskistofa horfir til.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



ÍSAFJARÐARBÆR

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Ísafjörður, 29. febrúar 2024
2024020089

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar við matsskyldu vegna áforma Orkubús Vestfjarða ohf. um stækkan Mjólkárvirkjunar

Á 626. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 29. febrúar 2024, var eftirfarandi erindi tekið fyrir: Lögð fram umsagnarbeiðni úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 14. febrúar 2024 (mál nr. 0165/2024), tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu frá Skipulagsstofnun vegna áforma Orkubús Vestfjarða ohf. um stækkan Mjólkárvirkjunar.

Fyrirhuguð stækkan Mjólkárvirkjunar er tilkynningarskyld framkvæmd skv. liðum 3.15 og 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira).

Vatnsmiðlun úr Tangavatni hófst árið 1975 þegar byggð var allt að 8,6 m há stífla í afrennsli vatnsins. Fyrirhugað er að hækka núverandi stíflu við vatnið um þrjá metra og auka þannig miðlunargetu þess. Einnig á að virkja afrennsli vatnsins með allt að 0,5 MW virkjun við Hólmavatn sem er nú þegar nýtt sem upplistöðulón. Lögð verður um 700 m löng niðurgrafin þrystipípa frá Tangavatni og að fyrirhuguðu stöðvarhúsi við Hólmavatn. Virkjað rennslí verður allt að 1,0 m³/s. Með framkvæmdinni næst betri nýting á vatnasviði Mjólkár án mikilla umhverfisáhrifa. Núverandi stífla við Tangavatn er með 60 m löngu steypu yfirfalli en lengd stíflu, með lausu efni, er um 100 m. Eftir breytingu verður yfirfallið um 100 m langt og lengd stíflu um 230 m. Notast verður við þann aðkomuveg sem þegar er til staðar og liggar að stíflustæðinu en leggja þarf um 800 m langan veg að fyrirhuguðu stöðvarhúsi við Hólmavatn. Samtals þarf um 11.000 m³ af efni í stífluna sem ráðgert er að taka innan þess svæðis sem markast af hæstu stöðu lónsins (Tangavatns) til að draga úr áhrifum á ásýnd svæðisins.

Kynningartími er til 14. mars 2024.

Bókun nefndarinnar:

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur umfang framkvæmdanna ekki þess eðlis að þær falli undir mat á umhverfisáhrifum þar sem umhverfið er nú þegar raskað vegna fyrri framkvæmda. Þá telur nefndin að það hefði mátt tilgreina umfang svæðis í fermetrum/hekturum með vísan í tölulið 2.03 skv. viðauka 1, í lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur áherslur á vandaðan frágang þar sem svæðið er á hverfisvernduðu svæði og er í grennd við friðlýst náttúruverndarsvæði.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa

Helga Þuríður Magnúsdóttir
Helga Þuríður Magnúsdóttir
verkefnastjóri